

GJALDSKRÁ

Orkubús Vestfjarða ohf. – Hitaveita.

1. Heitt vatn.

		Án vsk	Orkuskattur	M. 11% vsk
H90. Hitun húsnæðis				
Minnst 74°C hiti frá kyndistöð				
Orkugjald	kr./kWst.	11,49	0,23	13,01
Fastagjald	kr./ári	40.933	819	46.345
Rúmmetragjald	kr./m ³	51,77	1,04	58,62
H94. Hitun húsnæðis				
Minnst 70°C hiti frá kyndistöð				
Orkugjald	kr./kWst.	11,49	0,23	13,01
Fastagjald	kr./ári	40.933	819	46.345
Rúmmetragjald	kr./m ³	44,38	0,89	50,25
H98. Sala um varmaskipti				
Minnst 74°C hiti frá kyndistöð				
Orkugjald	kr./kWst.	7,20	0,14	8,15
Fastagjald	kr./ári	409.365	8.187	463.483
Rúmmetragjald	kr./m ³	31,10	0,62	35,21
H96. Vatnsmagn Suðureyri				
Minnst 70°C hiti frá kyndistöð				
Orkugjald	kr./kWst.	6,64	0,13	7,51
Fastagjald	kr./ári	22.519	450	25.496
Rúmmetragjald	kr./m ³	24,41	0,49	27,64
I96 og H76. Suðureyri				
Minnst 60° hiti frá borholu				
Fastagjald	kr./ári	40.933	819	46.345
Rúmmetragjald	kr./m ³	109,45	2,19	123,92
H70. Hitun Reykhólar				
Fastagjald	kr./ári	40.933	819	46.345
Orkugjald	kr./kWst.	4,49	0,09	5,08
I91. Hitun Reykhólar				
Fastagjald	kr./ári	40.933	819	46.345
Rúmmetragjald	kr./m ³	262,09	5,24	296,74
H79. Reykhólar				
Auðlindagjald til ríkisins				
Fastagjald	kr./ári	40.933	819	46.345
Rúmmetragjald	kr./m ³	3,76	0,08	4,26
H77 og H78. Vatnsmagn Reykhólar				
Sundlaugar og gróðurhús				
Fastagjald	kr./ári	40.933	819	46.345
Orkugjald	kr./kWst.	1,49	0,03	1,69

Greiða skal í ríkissjóð sérstakan skatt af heitu vatni. Heimilt er að miða innheimtu skatts af heitu vatni við áætlaða sölu. Fjárhæð skatts af heitu vatni skal vera 2,0% af smásöluverði.

2. Tengigjöld.

		Án vsk	M. 11% vsk
20 mm stál og 25 mm Pex	kr.	311.325	345.571
25 mm stál og 32 mm Pex	kr.	404.723	449.243
32 mm stál og 40 mm Pex	kr.	622.656	691.148
50 mm stál	kr.	933.986	1.036.724
80 mm stál	kr.	3.735.953	4.146.908
Aukamæligrind hitaveitu	kr.	97.842	108.605
Uppsetning orkumælis	kr.	54.031	59.974

Orkubúinu er heimilt að takmarka aðgang að heitavatnskerfi ef orkuöflun gefur tilefni til.

Sé fyrirsjáanlegt vegna fjarlægðar eða annarra aðstæðna að kostnaður við lagningu heimæðar verði meiri en 50% hærrí en gildandi gjaldskrá, skal greiða þann áætlaða kostnað sem er umfram 50%.

Sé ný heimæð ekki tekin í notkun eða veitu lokað, í 6 mánuði eða lengur má búast við aftengingu heimæðar. Hafi notkun aldrei hafist á nýrri heimæð eða fallið niður í veitum sem hafa verið í notkun, í að minnsta kosti 5 ár, telst heimæð aflögð og þarf að greiða fullt tengigjald til að notkun geti hafist. Fyrir skemmri tíma greiðist fastagjald fyrir þann tíma sem liðinn er frá aftengingu auk endurtengingargjalds (uppsetning orkumælis).

3. Niðurgreiðslur.*3.1. Niðurgreiðslur vegna hitunar íbúðarhúsnæðis.*

Kostnaður við dreifingu orku til hitunar íbúðarhúsnæðis er greiddur niður samkvæmt ákvörðun ráðherra hverju sinni. Greiddar eru niður allt að 40.000 kílóvattstundir á ári fyrir hverja íbúð þar sem föst búseta er. Sækja þarf um niðurgreiðslur til Orkustofnunar www.os.is. Orka frá kyntum hitaveitum til hitunar íbúðarhúsnæðis er greidd niður um 5,83 kr./kWst., 5,56 kr./kWst. koma úr ríkissjóði og 0,27 kr./kWst koma frá Orkubúi Vestfjarða.

3.2. Umsókn um niðurgreiðslur.

Samkvæmt lögum um niðurgreiðslu húshitunarkostnaðar nr. 78/2002, sbr. breytingu á þeim nr. 58/2004, þurfa allir notendur sem vilja njóta niðurgreiðslu að sækja um það sérstaklega til Orkustofnunar sem hefur eftirlit með framkvæmd laganna.

Eigandi íbúðarhúsnæðis sem ekki hefur kost á fullri hitun með jarðvarma getur sótt um niðurgreiðslu húshitunarkostnaðar til Orkustofnunar sem metur á grundvelli umsóknar hvort skilyrði laga þessara fyrir niðurgreiðslum sbr. 4. gr. séu uppfyllt. Sækja má um niðurgreiðslu með því að:

- Fylla út umsókn á heimasíðu Orkustofnunar www.os.is og senda rafrænt til hennar.
- Fylla út eyðublað á pappírformi og senda í pósti til Orkustofnunar, Grensásvegi 9, 108 Reykjavík. Orkustofnun sendir eyðublaðið til þeirra sem þess óska.

Orkustofnun veitir nánari upplýsingar um niðurgreiðslulögin og aðstoðar íbúðareigendur við umsóknina eins og kostur er. Hringja má í síma 569 6000 eða senda tölvupóst á netfangið nidurgreidslur@os.is.

4. Þjónusta.

		Án vsk	M. 24% vsk
RI10. Vanskilainnheimta.			
Innheimtugjald	kr./bréf	Skv. verðskrá innheimtufyrirtækisins Motus	
RI20. Veita opnuð eftir lokun.			
Á dagvinnutíma	kr.	15.504	19.225
Utan dagvinnutíma	kr.	31.005	38.446
RÞ10. Mælaálestrar.			
Aukaálestur	kr.	7.753	9.613
RÞ30. Útkall.			
Útkall á vinnutíma	kr./útkall	18.564	23.019
Útkall utan vinnutíma	kr./útkall	37.127	46.037

Nr. 1361

28. nóvember 2023

Gjaldskrá þessi, sem samþykkt er af stjórn Orkubús Vestfjarða ohf., staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 40/2001 og orkulögum nr. 58/1967, til að öðlast gildi 1. janúar 2024. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá sama efnis, nr. 1611/2022.

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu, 28. nóvember 2023.

F. h. r.

Ólafur Darri Andrasón.

Hreinn Hrafnkelsson.

—————
B-deild – Útgáfudagur: 12. desember 2023